

**Nd.**

**883. Breytingartillögur**

við frv. til l. um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meir en helmingi kostnaðar þessa.

Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna skv. lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

2. Við 5. gr. Í stað „lán“ í 2. málslíð komi: styrkur.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „á veitusvæðinu“ í 1. málsg. komi: er vatnsins njóta.
4. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. sé:  
Frumvarp til laga um aðstoð til vatnsveitna.